

<b>Fundarnúmer:</b>	553
<b>Dagsetning:</b>	18.08.2008
<b>Tími:</b>	10:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

FUNDARGERÐ  
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

553. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. ágúst 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Bréf Félags- og tryggingamálaráðuneytisins.
2. Erindi Aðalheiðar Einarsdóttur.
3. Bréf Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Félags- og tryggingamálaráðuneytisins þar sem greint er frá staðfestingu á kr. 4.500.000- framlagi til Húnaþings vestra úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna endurbóta að Hvammstangabraut 5.
2. Erindi Aðalheiðar Einarsdóttur lagt fram. Óskað er endurnýjunar á landleigusamningi um beitarland úr landi Ytri-Valla. Byggðarráð samþykkir endurnýjun leigusamningsins til 5 ára með þeirri breytingu að almennt uppsagnarákvæði komi inn í samninginn.
3. Fram lagt til kynningar bréf Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis þar sem greint er frá afgreiðslu umsókna um leyfi á flutningi á túnþökum frá Tannstaðabakka í Miðfjarðarhólfi að Illugastöðum á Vatnsnesi og umsókn frá ábúendum á Stórhóli um leyfi til heyskapar í Núpshlíð. Umsókn um leyfi til flutnings á túnþökum er hafnað og umsókn um leyfi til heyskapar í Núpshlíð er veitt með skilyrðum.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Fram lögð umsókn frá Birgit Kositzke um stöðu umhverfis- og garðyrkjustjóra Húnaþings vestra. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs vegna fæðingarorlofs umhverfis- og garðyrkjustjóra. Byggðarráð samþykkir ráðninguna og felur sveitarstjóra að undirrita ráðningarsamning við Birgit.
5. Sveitarstjóri lagði fram svör við fyrirspurn Heimis Ágústssonar frá síðasta fundi um viðskipti Húnaþings vestra við Sjónaukann.
6. Fram lögð fundargerð 102. fundar fræðsluráðs Húnaþings vestra frá 14. ágúst sl. Fundargerðin er í tveimur liðum. Byggðarráð samþykkir fundargerðina. Í 1. lið fundargerðarinnar eru kynntar umsóknir um stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. Fræðsluráð mælir með því við sveitarstjórn að Bergný Jóna Sævarsdóttir og Sigurður Þór Ágústsson verði boðuð í starfsviðtöl vegna ráðningar í stöðu skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að boða hlutaðeigandi til fundar vegna viðtalanna.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:40.

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Lindal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).